Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, Niflheimur, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Niflheimur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-13, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Niflheimur

Myrkheimi norður
og niður hallar;
þokurnar dimmir
í áttir allar.

Hallast hin miklu
myrkralönd
að Niflheimi köldum
og Náströnd.

Að Niflheimi köldum,
því nauða ríki,
þar andatra varðar
drekinn díki.

Af dagsljósi sést þar
enginn eimur;
þar er dimmastur
þokuheimur.

Af degi enga þar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eygir ränd;
þar eru dimmust
þokulönd.

Sem hafsúld felur
haf og stränd,
hylur ísingin
þessi lönd.

Sem haustsúld
yfir heiði og lönum
hylur ísingin
landið sjónum.

*

Fram lítur völvan;
hvað fyrir ber
hállaust í myrkrinu
telpan sér.

Illur næðir þeim
gustur gegn,
ýrandi súld
og saravegn.

Leðurblökur þar
vængjum veifa;
dordinglar þéttri
þoku dreifa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helbláum vængjum
hræfugl slær;
ilskan í kvikinda
augum hlær.

Í einni bendu
sér una þar
náljós, illfygli
og yrmlingar.

Kaldsælt verður þar
dæmdum og dauðum
flakkandi í krapsi
fótum rauðum.

Þar rignir og drýpur
og vætlar og vælir;
við telpuna systirin
mjúkt þá mælir:

„Kalt er þar, sem við
komum nú
á eigingirninnar
ísað bú.

Sìngirnin köld
og sálarlaus

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

draumlega svo
frysti og fraus.

Þungaregnið úr
þokunni grá
eru tárdropar
ofanfrá.

Þokusúldin
í þessum geimi
er vonlaus grátur
úr vorum heimi.

Vonlaus gráturinn
gremjukaldi
úr mannheimi undan
illu valdi.

Vonlaus grátur og
svita-sár,
þrotinna manna
þrældóms tár.

Grátur sá drýpur
um daga bjarta
af þrælkaðra brá,
sem þora ei að kvarta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Drýpur og blandast
blóðinu á,
er hingað mannveröld
fellur frá.

Blóðstrauminn, er þaðan
hingað hnígur,
sem hernaðar veldur
og þjóða rígur.

Blóðrás, er hingað
streymir af storð,
sem styrjaldir valda
og þjóðamorð.

Gráti blandinn
blóðstraumur eftir,
fyllir nábrunn,
um Náströnd flæðir.

Nábrunnur drekans
fyllast fer,
flaumur um Náströnd
líkin ber".

Telpan

Hverjir fara hér villir vegar
og vasla krapanum í?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvað draga þeir allir eftir sér
um þessi forardý?

Systirin

Hrein þeir draga og dasa
dauð fram að nábrunns vík;
háma þar í sig heljar drekinn
hermanna rifin lík.

Hjá ófriðar dreka illum
í undirheimum þeir þræla,
er af þeirra völdum áður í jörðu
eyddist friður og sæla.

Bardaga- og brennivarga
hér bjástrar hið illa lið,
er gafn og vinum banda brendi
blóðþorstans stalla við.

Bardaga- og brennivargar,
er bændur sárast leika;
með oddum svörnu annara bæn,
í annað seldu hinn veika.

Nú þroka þeir sjálfir þrotnir
og þræla alla tíð,
hreppa þau kjör, sem þeir hlutuðu fyrrum
af harðúð þeim anna lýð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Náströnd þola þeir nauðir
í Niflheimi köldum,
er sig vildu áður sjálfa hæst
og sóttust eftir völdum.

Mörg hafa mein sér búið
þeir menn og syndagjöld,
sem yfir bræðrum höfðu í heimi
in hörðu níðingsvöld.

Þeir, sem í heimi eða helgir
herðast í djöfulsins mót,
örvilnan verða allir að þola
í undirdjúpanna rót.

*

Í myrkrinu völvan
fyrir fer;
flakkar þar dimmur
vofuher.

Um vegaleysur
flakkar og fer.
Synd sína hver
á baki ber.

Minningar illar
frá ævi-verki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En allir hafa þar
sama merki.

Dýrinn mörkuð
er sú öld;
sitt hafa þeir
í syndagjöld.

Á Náströnd vegast þeir
nótt og dag.
Herdrekinn veltur
þann harða slag.

Vopnaglammi ei
vill þar linna;
ýmsum slysast og
ýmsir vinna.

Herlúðra gellur
hljómurinn;
þar vinnur og tapar
sinn í hvert sinn.

Sinn í hvert sinn
þar fellur og flýr;
hópur á hóp til
heljar snýr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Deyja í bana
hörðum hríðum;
en ganga aftur
að öðrum stríðum.

Grípur þá dauðans
hrollur og hel,
þó hljóta þeir út í
hið næsta él.

Dauðahrollurinn
hvertilegi
heimsækir þá
á hverjum degi.

Telpan

Hvað berjast þeir um? Hver á að vinna,
er endar rimman hörð?

Systirin

Endalaus rimman áfram teygist
eins og á vorri jörð.

Hatur og reiði og hefndargeð
hjartningarvig þar á.
Á atra hlið ef það hjaðnar niður
á hina það blúngast þá.

Sundurlyndið er sjálfs síns böðull,
sjálfsglötun þar af rís.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Enginn vinnur, en allir tapa,
og öllum er skömmin vís.

*

Á hofmannadíki
fer dansinn vel;
yfir djúpinu liggur
mosaskel.

Á hofmannadíki
er dansinn léttur;
en hver sem stöðvast
í djúpið dettur.

Ráðdý heitir þar
kelda köld;
mörg fær þar sálin
syndagjöld.

Valdaferið þar
verður næst;
fjölmörg sál er þar
föst og læst.

Í dómsdíki ei þeir
sökkva sjálfir;
sá sökkur ekki,
sem hangir að hálfu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dómsdikis gálgum
þvargar og þýtur;
sá hangir vart,
sem að hálfu flýtur.

Angist og kvöl
er á öllum að sjá;
þau iðgjöld skal hver
sinnar ilsku fá.

Telpan.

Hvenær hreptu þeir merkið
höfuðsins brent í svörð?

Systirin

Þá er þeir dýrinu seldu sál
sér til valda á jörð.

Þá kendi dýrið þeim rúna-rök
til rétts hinn illa að snúa.
Síðan létu þeir aðra undir
illráðu valdi búa.

Með dýrsins hjálp undir drekans vernd
drýgð reyndust jafnan völdin;
en brennimark fengu þeir bjórinn á
og beisk urðu syndagjöldin.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dýrinu þeir verða að þjóna
og því verða trúnað að sverja;
hlýðnir og auðsveipir alla vega
þeir eiga þess ríki að verja.

Þeir hörga og hallir reistu
hverju, sem dýrið var gott;
en hverjum, er sannindi guðs vildi geyma
guldu þeir benjar og spott.

Að dýrsins boði með vonsku og vél
þeir valdinu gerðu bás;
en fyrir skorti og skínandi fátækt
skelltu þeir dyrum í lás.

Og heita létu þeir lygi sann
og lögmálin teygðu og rengdu;
stóra lögbrjóta létu þeir sleppa
þá litlu þeir trúlega hengdu.

Hér eru illvaldar argir,
sem illa stýrðu löndum
með þyngslakröfum og þrælatökum.
og þjóðirnar reyrðu böndum.

Í Niflheimi nú skulu þola
nágust og hreggið kalda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir, sem kunnu með þræla valdi
þjáðum frá sól að halda

Í Niflheimi nú skulu þola
nepju og hreggið ljótt
stjórnendur illir, er steyptu fyr
á storðina dimmri nótt.

Í Niflhel níðingar kvelgjast,
sem náðu marki því,
að breyta dagsheimi dýrum og ljósum
dyflizu kalda í

×

Þar víkja fram hjá
þeim vofuslæðum
til dýrans, er sjö þar
situr á hæðum.

Stórborgar gamlar
þar eru þústir,
mót himni teygjast enn
turna rústir.

Háborg og leikhús
þar líta menn;
af hofum rústir þar
eru enn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á hamrabrún, sem ber
hátt yfir torgin
er mosavaxin hin
mikla borgin.

Þar situr illvættur
örg og stór,
dýrið ferlegt með
dökkan bjór.

Þrokir það hátt
á hamrabjargi;
bundnum allvel þar
eirir vargi.

Ljónsbolur þrútinn
bönd þar ber;
drekasporður að
aftan er.

Sporðurinn langur
legst í hring
hreistraður allar
hæðirnar kring.

Teygist síðan í
eina átt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hverfur að lokum
í Niflheims nátt.

Hreykir sér bolur
á hamars toppi;
hausar tveir eru
á sama kroppi.

Vargs höfuð úlfgrátt
við þar gín;
á því keisara
kóróna skín.

Refkeilu höfuð
hjá þar er;
páfa kórónu
á kolli ber.

Ironbirtir þessi
höfuð hvessa,
urra, glefsa,
gelta fnæsa.

Höfuðið vinnur þó
hvorugt það stríð;
verða þau aftur
bæði blíð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sjálfsstríði dýrið
vinnur vart:
skap sitt mýkja því
höfuðin hart

Við sjálfan þig hald þú
í hernaði frið;
það hugleiðir jafnvel
helvítis lið

Sem dýrum væri slík
virðing gjörð,
hefir það um sig
ágætan vörð.

Svipi lítur þar
ljóna, arna,
lébarða, hreðkatta
og bjarna,
svipi af fólki und
Mammons merki:
áhugalið að
varðmanns verki.

„Þeir haldi" – Kvað systirin
„sífelt vörð
yfir böndum, sem dýrið
beygja hörð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hlekkir úr lögmálum
allhart undnir
um dýrsins fætur og
bak eru bundnir.

Það vita þeir glögt
og glotta kalt,
en þjóna samt dýrinu
þrátt fyrir alt."

Ytst stendur hirðin,
herrar fríðir,
drotningar, keisarar
biskupar blíðir.

Við hrollkulda silkið
hlífir eigi,
þótt sinni kórónu
hver þar hneigi.

Napur leikur þau
næðingur strítt;
við drotni sínum þó
brosa þau blítt.

Keisari og jöfur
í kjólum víðum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kemba dýrið á
bógi og síðum

Kemba dýrið um
bringu og bóga.
Biskupar syngja því
sálma nóga.

Til dýrsins syngjandi
sálma mæna,
keppa með reykelsi og
kvaki bæna.

Þrístbúnir syngja því
páfar títir
sem himna Konungi
Kristnir lýtir

Drottningar svörin
syngja snjallar,
dansa létt fyrir
dýrið allar.

Dýrsins vald hvílir
á þeim öllum;
sér það þeim merki
sitt á sköllum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gleðibragur á
öllu þar er;
völvan gerir tákn
og telpan sér.

Sér dýrið liggja
í lyngi undið
og þrátt fyrir mátt sinn
bastað og bundið.

Sér Ljómandi hirð
með lofsöng í munni
til þess, er hún hatar
af hjartans grunni.

Sér hvernig þrýst
hirðin í hljóð
og und söldarlit
sveitist blóð.

Og meðan hún blíðast
brosir og talar
kennir hörðustu
helvítis kvalar

Hatur og ótti og
angist heit

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlífðarlaust nístir
þá hverdramma sveit.

Hún hatar dýrið
með helgjar kló
og kjafti, sem beit,
og kjafti, sem hló;
nöglar í leynd gegn
því vonda veldi;
en merktur og bundinn
er, sá er sig seldi.

Þótt hatrið sé mikið
er meiri óttinn;
legst hann á kinnarnar
kaldari en nóttin.

<u>Telpan</u>

Seg, hver sú tvíhöfðuð óvættur er
í óarga dýrsins líki.

<u>Systirin</u>

Þar sér þú heimsvaldið þróttargrimmt,
þessarar veraldar ríki.

<u>Telpan</u>

Hver vatt þessi bönd? Hver vörðurinn er,
sem þau varðar, hinn óttafulli?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>Systirin</u>

Þjóðir gera fjötra úr landrétti og lögum,
en læsting snýr Mammon úr gulli.

En hlífðarlaust heldur þó dýrið
hörðu og þrotlausu veldi
yfir hverjum, sem áður fyrrum
und okið sig gálaus seldi.

Öflugt er dýrið, þótt illa haldið
una verði það böndum.
Mammoni næstan heiður hlotið
það hefir í fjandans löndum.

Frá honum það eignaðist öll sín völd
og ófrið gerði sér,
og bældi niður hans ríki, en reisa
ríki sín sjálfs það fór

<u>Telpan</u>

Á kórónum kross það þó hefir
og kringum það biskupar smjúga.

<u>Systirin</u>

Með hnupluðum krossi og heilögum nöfnum
það heiminn vill undir sig ljúga.

En guðmenn þeir, sem nú gjalda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinna gerða í þessu díki,
guðs ríki snerm, hans þjónar, þeir
í þessarar veraldar ríki.

*

Úr öllu Niflheims
forar-flóð
flokkar koma með
ræður og kvæði.

Seint ber þá að,
en þeir fara fljótt;
smjaðrið þeir bera fram
ört og ótt.

Í leyndum harmi
og herfiligum
svitna þeir yfir
eigin lygum.

Samfara kvæðum
og kveðjum fleirum
kveinstafi Ælpunni
ber að eyrum.

Þeir sárbölva dýrinu,
er sveik þá sem glópa,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppreistar orð þeir
og ógnanir hrópa.

Þungt stíga konungar
þangað með gný,
í höfuðkórónum
hafa þeir blý.

Í blýkápum þungum
með blöðugum röndum
blýsprota titrandi
bera í höndum.

Ráðherrar bera fram
bókfell og penna;
leiðtogar þjóðanna
þangað renna.

Allir í skrauti
skíru
merktir því mikla
dýri.

Úr þokunni þangað
stefna
og dýrið með kurteisi
kveðja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Völvan

Heyr! Gegnum kvefjur
kvedur við reistur
hljóður konunga
hamnur og meyðir.

## Söngur

Styrðum vér ríkja ráð,
réttlátis gleymdum kvöð,
lýðs frelsi og lands.
Hverju, sem heilagt er,
hlífa því skyldum vér;
iðgjöld um seinan sér
svikara fans.

Allir í eigin sjóð
útsugum vora þjóð,
lögvertir lands.
Sveik hver sinn unninn eið,
yfirgaf rétta leið,
dýrsins á ringul-reið
ruddist í dans.

Tignin oss studdi ströng,
styrkur gegn annara þröng
valdið oss var.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En er við hugar-harm
hefja þeir vildu arm,
nam spjót vort nakinn barm:
nógu gott svar.

Undum í hárri höll,
horfin var sorgin öll,
mitt og mey.
Meltum vér annara auð,
aumingjans sultarbrauð;
segði hann sína nauð,
svarið var: „dey!"

Svikum vér sárt þann mann,
sér er ei verjir fann
hendi til halds.
Þungar hann byrðar bar,
blýi vér hlóðum þar;
blóðkrafa vor þó var
verst til hans gjalds.

Þung varð oss þessi vömm,
þolir nú dóm og skömm
eilífa önd.
Dýr, sem voru fór með frið,
formæling kveði við:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sverfi þér legg og lið
lemstrandi bönd.

Dýrið hristir sig,
hlær við kalt,
„veit ég, hvað þeir
mér hugsa alt."

Dýrið glottir og
gýtur augum:
„óbænum yfir mig
hlaðið í haugum.

Af þeim vegs
ytar eigin kvöl;
gleðinnar á ég þar
vænsta völ."

Bogna þeir við
og burtu halda
leiðina þunga
langa og kalda.

×
Dýrið grillir,
hvar glæta er,
lafhrætt í móti
[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Glymur þess Gósið
Gýfa brennir,
vargsangað starir
og völvuna kennir.

Ýlfrar í
niðdimma nátt.
Hátt geyr það
höfuð grátt.

Vargshöfuð

Völva, sem ókomið
veit og sér,
örlög mín seg þú
fyr en þú fer.
Þú sér að ei vill
úr sorgum rakna;
valda fornra ég
sáran sakna;
meinlega fer nú
í marga átt,
á jörðu verður alt
vesalt og smátt;
heimur fer versnandi,
hef ég þess vottinn,
að enginn á jörðu
er yfirdrottinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kotríki jafnast
um jörðu alla,
dvergar klífa upp
hæstu fjalla.
Valdið klofnar nú
meir og meira,
af kotjörlum verður nú
fleira og fleira.
Illa fór það og
ill eru gjöldin,
er keisari og páfi
kýttu um völdin;
höfðingja ættir
allar bundir
tættu þær meir og
meir í sundur
og hafa nú í þau
úrslit ratað,
að helftinni í folksins
hendur er glatað.
Fólkið, ha! ha!
sem hlýða ber,
hefir nú stjórnina
í hendi sér.
Á jörðu er týndur
tindur og berg,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alt er nú flatt
og dvergur við dverg.
Illa gengur og
ætíð ver;
múgurinn bráðum
alvaldur er.
Öld bölvi að
bölvi hnígur,
alt er tómt rusl
og bændur og búar.
Allir vilja ráða,
en enginn fer;
enginn hærra en
aðrir nær.
Guð né Cæsar
þar enginn er;
enginn er mikill
fyrir sér.
Völva, sem ókomið
veit og sér,
hvenær slíkt ból á
enda er?
Nær slítur kveifarfrið
kyrrum
og kemur Cæsar
sem fyrrum?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Refshöfuð

Þú völva, heyr, hvað ég hermi þér;
mér heiti Cæsars að réttu ber,
og þetta táknið mér veitir völd,
völd yfir höfðingjum, landi og öld.

Einn hafði vargurinn alvald fyr;
nær á ég að fá það vald, ég spyr?
Jarl gerði er ég þó jörðu á
og jafnan skal táknið mér sigur fá.

Messandi ref
verður orða endir,
á Krossinn, sem völvan ber,
hann bendir.

Vargurinn geyr og
glottir flátt;
völvunnar kveða
heyrir hann hátt.

Völvan

Klofinn þú situr
og klofna skalt þú
og drafna niður,
þinn dómur er fallinn.
Mene tekel.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mundu þær rímar;
illur varstu,
enginn þig harmar.

Vond öld,
verri öld,
grá öld
gremju öld!
Mammon traðkar
mannheim niður,
járnhæl treður
jörðu flata.
Manganum konungum
máttkari er;
varðhunds stöðuna
veitir hann þér.

Mæðast og minnka
manna ættir;
bæta svo böl,
að bíta meira;
í sælu stað þær
sorgir geta
og nakta neyð
í næsta stað;
fyrir höfðings hugnað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hardan þrældóm
stríðandi þungt
þær steypa sér í.
En í Miðgarði
manna þreyttra
friðarins ríki
fagurt lifir,
eykst það, þá er
hið annað veikist,
skýlir Cæsar, er
skilur þú eigi,
sá er vinnur
vont með góðu
og heiminn tók
með takni þessu.

Stafinn vígða þá
völvan reiddi,
þögn yfir Niflheim
þunga leiddi.

Táknin lyfti,
er lýsti milt,
í Niflheimi varð alt
stirnt og stilt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá kom þar
hljóð úr horni
sem hvæstaði vargurinn
forni.

Vargslunginn gó
grimmilega:
„undir því tákni
vann eg!"

Þá glumdu við
heljar hallir,
kjaftarnir opnuðust
allir.

Er vargsorð af vör
fló,
gjörvalt helvíti
hló.

Völvan

Táknið klauf þig,
klofna skaltu;
ríki, er þú reistir,
rísa að nýju.
Mene tekel,
mundu þær rúnar;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með lyggi vanst þú,
með leynd þú hverfur.

Dýrið urrar og
illa sig ber.
Völvan með meyjarnar
frá því fer.

— II —

Frostheimar nyrst
í fimbulvetri,
tinda hefir ísinn
að aðalsetri

Um ísveggi þjóta
þoka og vindar;
ógna þar hvassar
eggjar og tindar.

Und egginni hæstu
í Kólgu kjól
helvaldur situr
í hásætisstól.

Sem frosin illska
er andlit og kollur;
telpunna Kuldur
tekur Grollur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hnarreist rís þar
höfuðið rétt,
á það er kóróna
úr svelli sett.

Á henni leyni-
letur er;
völvan les orðin:
„Ég gegn þér.“

Um hann dansa þar
djöflarnir stærstu,
með illfýsi greypta
í geði æstu.

Telpan segir við
systur hljótt:
„Er þá til svona
leitt og ljótt?“

Hrollur um brjóst og
bringu fer:
„Einveldi hefir hið
illa hér.“

Sýnin bitust við
hjarta hreit;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aldrei hún slíka
andstygð leit.

Það dinglar á skakk
og skjönglast alt,
sleipt og skorpið,
slorugt og kalt;
fult er af kröbbum
og krafsandi dýrum
og illvætta grúa
úr ævintýrum;
hreistraðir drekar
og eiturormar,
höggorma saman
hringaðir gormar,
hauskúpur, horn
og broddar og brýni,
undur og argskapur,
trantur og trýni;
mannapa greipar
um meraleggi,
flyksur úr hári
og hafurskeggi,
ormsmognir hálsar
og hnakkar þéttir,
vargsmagar, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ei verða mettir;
sér þar í jötuns
sjónir andar,
eldaugu blágræn og
blóðglyrnur rauðar;
hringaðar rófur,
kræktar klær
skinnvængi við
og vígtönn hlær.
Þeir dansa og hoppa
og urra og ýla
með ljóna kjöftum
og krókódíla.
Þeir dansa og rófunum
dingla þá
um hástól, er situr
helvaldurinn á.

„Þeim brennir," kvað systirin
„legg og lið
löngun að eyða
sálna frið.

Árvakur hver á
illskuverk stundar,
ef færi gefst, þeir
glefsa sem hundar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir skunda í dagsheim;
þar hefir hver
hlutaða menn til
kvala sér.

Greina hér löndin
setberg og sýki;
hver stórdjöfull á hér
sitt eigið ríki.

Hver hefir sitt ilsku-
verk að vinna,
en verður þó oft sinn
herra að finna".

Drísildjöfla þar
svarta sér:
„Helvaldans sendi-
sveit þar er.

Hlaupa og tifa þeir
til og frá;
hver hefir fyrir
sinnum að sjá.

Hver leikur sínar
sálir viður,
telir, svíkur og
narrar hér niður.

Hver ræktar eigin
sjóndeildarreit.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo fyrnist ei rótin né
fúni út.

Helvaldur stýrir
heiminum þá
með hraðboðum, sem
hann var rekinn frá."

## Helvaldur

Seg þú mér, völva hin vitra, hve langt mun nú liðið á tímann?
alllengi eg hefi setið og hugþráin hefir mig bitið.
Seg, hvort á löngu mun líða, að hátt gali styrjaldar hani,
friðrofin boðandi, er falla sá skal, er sæti mig rænti.
Hægfara líða yfir heiminn sem akur-uxar í flagi
árþúsund ein og ein, ömurlegar og þöglar.
Mæli ég tímann og tel og tel upp aftur og gleymi.
Aldregi fæ eg neitt fari. En rammar ráð eg og drotna
mannheimi alvítast yfir og þessa heims er ég herra.
Þróttugt og vel mér þjónar þar hver eftir hugviti sínu,
skapleik og skýrleik og slægð, talfimi og táldrægni sinni
kaupstöðum, kauphöllum í og herbúðum, hánn í kirkjum.
Sýslumenn alstaðar á ég og alstaðar hefi ég þjóna,
konunga, leiðtoga lýðs og ljóðskáld og spekinga og stjórnir,
presta og fyrst og fremst hinar ljúfu og lokkandi konur.
Enginn þó árangur sést. Annarlegt hefir þó veldi
lagst yfir mig og mitt. Og sjálfur ég sit hér í böndum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kvalinn af hugar harmi; en hinir, sem mér eiga að þjóna
vinna með hálfum hug og hræddir og saknandi gleði;
sieltir samvisku biti og kvíða, sem kvelur í leyni.
Treysta mér fáir til fulls. Og annarlegt óttast þeir veldi,
í þá er fellir sitt farg, svo að ávinning engan þeir hljóta.
Enginn sem annar mér getur óhræddur launanna notið.
Óttast verður hann vald, sem úr launsátri að honum lætist
takandi fleira en hann fekk. Eg er fjötraður guð og í þrælkun
öðrum til athlægis sit, og eins eru mínir í böndum.
Helsti lengi eg hefi nú þrælsmarkið þolað og borið.
Aldregi hlýt eg hvíld né frístund fyr en eg geysist
himni mót með minn her af helgjarsinnum í bræði,
vinn mér það ríki með réttu, en réttinn á sá, er fær valdið.
Frjáls vil eg standa og frjálsum mér frjálsir menn skulu þjóna,
frjáls skal ástríða öll um alheiminn loga og streyma,
tarin skulu í hug ei bera, hverjir sem trúir mér þjóna.
Guð verð eg ríkur og ræð og lífinu lög er minn vilji.
Öld fram af öld skal mitt boð um alheiminn gjörvöllu ráða,
mér skal ei mein vinna neinn í mannveröld, himni né víti.
Hraustur verður þá heimur og frjáls og heilsu fær lífið,
hverfa mun sjúkleg hræðsla og hárbeittur samvisku kvíði;
frjálst mun þá fara blóðið með ást og hatur um æðar,
heitt brenna hugur við stríð fyrir eldheitum eigin vilja;
deyja skal mjúkt alt og milt, en mátturinn jafnan skal vinna,
afrekin dýrkeyptu dafna og djöflar og guðir á jörðu,
voðaleg verk og táldrægi lævísi lýsa við himin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo skal mitt ríki. En ráð þú nú, völva, og seg, nær það verður.

Völvan

Uppreistar seggur
ert þú jafnan,
lögbrjótur,
lífeyðir,
móti guði,
mótþróans andi,
brjótur þess,
sem ei byggja kunnu.
Eignalaus
annars ríki
ræna þú vilt
og ráða sjálfur;
illu þú veldur
en vinnur aldrei.

Langt frá illum
leiðum þínum
veg til guðdóms
vísaði annar.
Liggur hann
leið og fögur
um dökkva dala
til dags og birtu
upp og fram,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en yfir er þetta.

Í hendi lýsti
hinn vígði vöndur;
í þokuna hvarf þá
Niflheimur niður.

Hvarf og stundi
í skuggann skaða.
Með systurnar völvan
hélt til hæða.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Uppvegur.

Sjá þar í morgun-skýjum
skara
hólpinna sálna til
himins fara.

Flokka hólpinna
hvítvoðunga
leita upp móti
ljósinu unga.

Jarðarheims úr
dreifðum dölum
í morgunroðans
safnast sölum.

Safnast þar allir úr
ýmsum löndum
sem farfuglar hvítir
frammi á ströndum

Situr í huganum
sorgin köld

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur